

Stefna skólans

Á næstu dögum mun foreldrum berast póstur frá skólanum þar sem tækifæri gefst til að lýsa skoðunum sínum á drögum að endurskoðaðri stefnu fyrir skólann og koma á framfæri athugasemdum. Jafnframt verður forvitnast um skoðanir foreldra á nokkrum atriðum sem varða skólastarfið og geta talist stefnumótandi..

Kæra skólasamfélag

Aprílmánuður er frekar rýr í roðinu hvað skólastarf varðar þetta árið þar sem páskafrí og sumardagurinn fyrsti brjóta upp daglega rútínu eins og sjá má á dagatalinu á baksíðunni. Við höldum hins vegar áfram að læra og nýta tímann sem best, en jafnframt erum við farin að undirbúa næsta vetur. Stefnt er að því að ráðningu aðstoðarskólalæra og nýrra kennara ljúki fyrir eða rétt eftir páska og þá liggja nokkuð ljós fyrir niðurröðun kennslu næsta vetrar. Jafnframt erum við að leggja drög að uppröðun bekkja í húsið og munum við innan skamms birta skýrslu á heimasíðu skólans þar sem gerð er grein fyrir skipulagi húsnæðismála til næstu þriggja ára, að því gefnu að ekkert óvænt gerist hvað varðar fjölda nemenda. Í lok apríl eigum við svo von á heimsókn frá Menntamálastofnun, sem lesa má nánar um hér fyrir neðan. Með bestu kveðjum úr skólanum og von um skemmtilegan og árangursríkan aprílmánuð hjá okkur í Hörðuvallaskóla,

Ágúst Jakobsson skólastjóri

Ytra mat á starfi skólans

Nú á vorönn verður unnið að svokölluðu ytra mati á okkar skóla. Það felst meðal annars í því að matsaðilar frá Menntamálastofnun munu dvelja hér í skólanum dagana 24.-28. apríl og fara í vettvangsskoðanir í kennslustundir hjá öllum nemendum. Einnig taka þeir rýnivíðtöl við ýmsa hópa; starfsmenn, foreldra, nemendur og fulltrúa úr skólaráði. Því má fólk gera ráð fyrir að óskað verði eftir þátttöku einhverra í umræðuhópa en valið verður í þá með slembiúrtaki. Foreldrum verður að sjálfsögðu kynnt fyrirfram ef börn þeirra lenda í slíku úrtaki.

Matsaðilar skoða auk þess öll möguleg gögn um skólann, bæði á heimasíðu, prentuð skjöl, samræmd könnunarpróf og aðrar kannanir og hvaðeina sem getur varpað ljósi á okkar skólastarf. Matinu er ætlað að vera leiðbeinandi og framfaramiðuðu. Sérstaklega er hugað að því sem er framúrskarandi gott og öðrum til eftirbreytni en að sjálfsögðu er það líka umbótamiðað og hugað til að styrkja okkar ágæta skólastarf þegar til lengri tíma er litið.

Á hverju ári eru nokkrir grunnskólar (og raunar leik- og framhaldsskólar líka) metnir með ytra mati og gert ráð fyrir að innan fárra ára hafi allir grunnskólar landsins farið í gegnum sambærilegt mat og þannig þróist þetta sem sjálfsagður og eðlilegur hlutur skólastarfs. Þetta er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga en það er Menntamálastofnun sem sér um framkvæmdina.

Matsaðilarnir sem koma til okkar heita Hanna Hjartardóttir og Sigríður Sigurðardóttir og væntum við góðs samstarfs. Ef foreldrar óska eftir geta þeir haft beint samband við Hönnu í



Glæsilegur árangur skáksveita Hörðuvallaskóla

Nemendur skólans halda áfram að gera garðinn frægan á sviði skáklistarinnar. Er þar fyrst að telja að sveit skólans hlaut um daginn Íslandsmeistaratitil grunnskólasveita annað árið í röð. Keppnin var geysilega hörð og æsispennandi. Sveitir Laugalækjarskóla og Hörðuvallaskóla urðu efstar og jafnar með 30 vinninga af 36 mögulegum og urðu því að heya úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn. Eftir tvöfalda umferð var enn jafnt og því þurfti að fara í bráðabana með styttri umhugsunartíma. Þá tókst Hörðuvellingum að knýja fram sigur 3:1 og unnu samanlagt 7:5. Sigursveitina skipuðu; Vignir Vatnar Stefánsson, Stephan

Briem, Sverrir Hákonarson, Arnar M. Heiðarsson, Benedikt Briem og Óskar Hákonarson.

Í lok febrúar fór svo fram Íslandsmót barnaskólasveita, þar sem kepptu nemendur í 1.-3. bekk. Vatnsendaskóli fór með sigur að hólmi í keppninni en sveit Hörðuvallaskóla lenti í öðru sæti. Sveitina skipuðu Andri Hrnannar Elvarsson, Bjarki Steinn Guðlaugsson, Emil Gauti Vilhelmsson og Guðbrún Briem. Flottur árangur hjá okkur fólki!



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	3. Fiskur í raspi m/ kartöflum og kokteil- sósu. Salatbar og ávextir.	4. Kalkúnalasagne. Salatbar og ávextir.	5. Íslensk kjötsúpa. Ávextir.	6. Soðin ýsa m/ kartöflum og smjöri. Salatbar og ávextir. Árshátíð unglingsstígs	7. Grænmetisbuff m/ hris- grjónum og sósu. Salatbar og ávextir.	8.
9.	10. Páskafrí	11. Páskafrí	12. Páskafrí	13. Skírdagur	14. Föstudagurinn langi	15.
16.	17. Annar í páskum	18. Fiskur í raspi m/ kartöflum og kokteil- sósu. Salatbar og ávextir.	19. Mexíkönsk kjúklingasúpa. Ávextir. Starfsfræðsla 10.b	20. Sumardagurinn fyrsti	21. Grísasnitzel í raspi. Salatbar og ávextir.	22.
23.	24. Fiskibollur m/ kartöflum og brúnni sósu. Salatbar og ávextir.	25. Hakk og pasta. Salatbar og ávextir.	26. Grjónagrautur og slátur. Ávextir.	27. Ofnbakaður fiskur m/ hrisgrjónum og sósu. Salatbar og ávextir.	28. Ofnbakaður kjúklingur m/ hrisgrjónum og sósu. Salatbar og ávextir.	29.

Muna:

- **Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!**
- **Heimanámsaðstoð á aðalsafni Bókasafns Kópavogs á þriðjudögum kl. 14:30-16:30 en á Lindasafni á fimmtudögum kl. 14:30-16:30**
- **Útivistartími:** Börn, 12 ára og yngri til kl. 20.00. Börn 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

Varðandi umsókn í Vinnuskóla Kópavogs

Opnað var fyrir umsóknir í Vinnuskóla Kópavogs fyrir sumarið 2017 1. apríl og er umsóknarfræsturinn til og með 1. maí nk. Hægt er að sækja um heimasíðu Kópavogsbæjar (www.kopavogur.is). Öll 14 - 17 ára ungmenni, sem búsett eru í Kópavogi og sækja um starf hjá Vinnuskólanum, munu fá vinnu í sumar eins og undanfarin ár. Starfstímabil Vinnuskóla Kópavogs er frá 22. maí – 11. ágúst. Breytilegt er eftir árgöngum hversu mikil vinna er í boði og hvernig tímabilum er háttað. Krökkum 14 –16 ára býðst vinna á tímabilinu 12. júní – 10. ágúst. Aðeins þeir sem skila fullnægjandi umsókn fyrir 1. maí geta vænst þess að hefja störf á réttum tíma. Ætlast er til að foreldrar/forráðamaður og unglingar fylli út umsóknina í sameiningu. Vinna í Vinnuskólanum er í senn uppeldi, afþreying og tekjusköpun fyrir unglingana og er þeim m.a. kennd umgengni við verkefni sín, notkun verkfæra og að bera virðingu fyrir samstarfsfólki sínu. Allar nánari upplýsingar um Vinnuskólann, vinnutilhögun, laun o.þ.h. er að finna á slóðinni: <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/daggaesla-og-skolar/vinnuskoli> og í síma 441 – 9080.